

Alþingi  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Selfossi, 29. mars 2021  
Tilvísun: 2103603

## Efni: Umsögn Matvælastofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um velferð dýra, nr. 55/2013 (blóðmerahald).

Blóðtaka úr fylfullum hryssum hefur farið fram á Íslandi í um 40 ár. Tilgangur hennar er að safna virka efninu „equine chorionic gonadotropin“ (eCG) sem notað er til framleiðslu frjósemislyfja handa dýrum. Lyfið er notað til að auka frjósemi og til samstillingar gangmála.

Hrossahald til blóðtöku hefur verið tilkynningarskyld starfsemi frá árinu 2014 þegar reglugerð um velferð hrossa tók gildi. Starfsemin fór vaxandi um nokkurt skeið, en stendur nú nokkuð í stað milli ára. Árið 2020 voru 5137 hryssur notaðar í þessum tilgangi á 111 bæjum/starfsstöðvum. Eðli málsins samkvæmt fylgja hryssunum folöld sem flestum er slátrað að hausti til kjötframleiðslu. Í vaxandi mæli eru þó folöld undan blóðtökuhryssum sett á, einkum til endurnýjunar á blóðtökuhryssum en einstaka folöld eru alin upp fyrir reiðhestamarkað.

Blóðtakan sjálf fer fram í þar til gerðum blóðtökubásum sem byggðir hafa verið í tengslum við réttir og gerði á blóðtökubæjum. Blóðtakan fer þannig fram að hryssan er leidd í bás þar sem dýralæknir tekur við henni. Hann staðdeyfir hryssuna á stungustað, stingur nál í meginbláæð (v. jungularis) þannig að blóð tekur að renna í þar til gert ílát. Að hámarki eru teknir 5 lítrar í hvert sinn. Blóðtakan tekur 10-15 mínútur en að því loknu er hryssunni hleypt út í gerði þar sem hún fær aðgang að vatni og salti og folaldið bíður hennar. Þegar búið er að taka úr öllum hópnum er hann rekinn til baka í beitarhólf. Blóðtökutímabilið varir að hámarki í 2 ½ mánuð, síðsumars og fram á haust. Tekið er vikulega úr hryssum svo lengi sem hormónið mælist í blóðinu, að hámarki 8 sinnum úr hverri hryssu.

Reglulega er fylgst með blóðbúskap hryssnanna og sýna þær rannsóknir að blóðtakan, eins og hún er framkvæmd hér á landi, er innan ásættanlegra marka fyrir heilsu þeirra og velferð og hryssumar eiga auðvelt með að vega upp blóðtapið. Frá því farið var að skrá afföll í greininni hafa þau verið um 1/1000 árlega sem er með því allra lægsta sem þekkist í búfjárhaldi almennt. Sömuleiðis er hverfandi lítið um efnaskiptasjúkdóma sem tengst geta framleiðslunni.

### Leyfisveitingar og eftirlit – fram til 2019

Eitt fyrirtæki safnar merarblóði hér á landi til lyfjaframleiðslu. Á árabílinu 2002 - 2019 veitti Matvælastofnun fyrirtækinu leyfi til starfseminnar á grundvelli reglugerðar um dýratilraunir nr. 279/2002. Starfsemin var felld undir þessa reglugerð á grundvelli 4. gr.:

***Óheimilt er að nota lifandi dýr við kennslu, tilraunir, rannsóknir, framleiðslu eða prófun efna eða lyfja og við sjúkdómsgreiningu nema með sérstöku leyfi tilraunadýranefndar ef slíkrí notkun fylgir álag eða þjáning fyrir dýrið.***

Leyfi voru veitt til fjögurra ára í senn og voru háð ýmsum skilyrðum sem Matvælastofnun setti í þeim tilgangi að tryggja velferð hryssna við blóðtöku.

### **Leyfisveitingar og eftirlit – núverandi staða**

Tilraunadýranefnd var lögð niður með setningu laga um velferð dýra nr. 55/2013 og brottfellingu reglugerðar um dýratilraunir árið 2017. Í stað reglugerðar um dýratilraunir kom reglugerð nr. 460/2017 um vernd dýra sem notuð eru í vísindaskyni. Í þeirri reglugerð er ekki neitt sambærilegt ákvæði og 4. gr. rgl. um dýratilraunir og því fellur starfsemi sem snýr að framleiðslu lyfja ekki lengur þar undir.

Hvorki eru ákvæði í lögum um velferð dýra né í afleiddum reglugerðum sem kveða á um að blóðtaka úr fylfullum hryssna sé leyfis skyld starfsemi. Hins vegar er ákvæði um blóðtöku úr fylfullum hryssum að finna í 4. gr. reglugerðar um velferð hrossa sbr. 1. viðauka sömu reglugerðar. Þar er umráðamanni hrossahalds eða fyrirsvarsmanni starfsemi „þar sem framkvæmd er blóðtaka úr hrossum til framleiðslu afurða“ gert að tilkynna slíkt til Matvælastofnunar.

### **Hlutverk Matvælastofnunar er að hafa eftirlit með velferð hrossa sem haldin eru til blóðtöku**

Undir það falla hryssur sem notaðar eru til blóðtöku, folöldin sem undir þeim ganga og eftir atvikum hross í uppeldi fyrir þessa starfsemi sem og stóðhestar sem notaðir eru í starfseminni. Eftirlitið er tvíþætt.

a) Eftirlit með velferð, aðbúnaði og ástandi hrossa hjá umráðamönnum þeirra er framkvæmt samkvæmt skoðunarhandbók af starfsmönnum stofnunarinnar, með sama hætti og eftirlit með öðru hrossahaldi. Þar sem um tilkynningaskylda starfsemi er að ræða hefur eftirlitið verið í forgangi.

b) Eftirlit með velferð hryssna við blóðtöku. Starfsemin er háð tilgreindum skilyrðum sem Matvælastofnun setur í þeim tilgangi að tryggja velferð hryssna við blóðtöku. Undanfarið hefur stofnunin framkvæmt slíkt eftirlit á um 20% starfsstöðva á hverju ári. Sjálf blóðtakan er á ábyrgð þess fyrirtækis sem annast hana og hirðir um afurðina. Blóðtakan verður ávallt að vera framkvæmd af dýralækni sbr. lög um dýralækna og heilbrigðisstarfsmenn dýra nr. 66/1998 og 16. gr. laga um velferð dýra. Matvælastofnun hefur eftirlit með störfum dýralækna.

### **Matvælastofnun lítur til eftirfarandi þátta vegna blóðtöku úr hryssum**

Blóðtaka er aðeins heimil á starfsstöðvum/bæjum sem uppfylla eftirtalin skilyrði

- a. Hrossahald til blóðtöku hafi verið tilkynnt Matvælastofnun
- b. Ekki hafi komið upp alvarlegt frávik vegna dýravelferðar við hrossahald á starfsstöðinni á undangengnum vetri

Listi yfir fyrirhugaða blóðtökubæi hafi borist Matvælastofnun fyrir 1. maí ár hvert. Þó má bæta einstökum aðilum á listann sem uppfylla framangreind skilyrði

Almennar kröfur til blóðtöku úr fylfullum hryssum

- a. Einungis dýralæknar með gilt starfsleyfi á Íslandi hafa leyfi til að annast blóðtökuna. Umráðamanni er þó heimilt að taka sýni úr hryssunum til að ákvarða upphaf blóðtöku með sérstöku nálakerfi eftir tilsögn dýralæknis

- b. Dýralæknum er skylt að staðdeyfa stungustaðinn og skrá notkun staðdeyfilyfs í gagnagrunninn Heilsu.
- c. Aldrei má taka meira en 5 lítra af blóði vikulega úr hverri hryssu og að hámarki í 8 vikur
- d. Blóðtöku skal lokið fyrir 5. október ár hvert
- e. Aðeins má taka blóð úr hryssum sem náð hafa fjögurra vetra aldri (verða 4 vetra á árinu)
- f. Hryssurnar skulu vera án sjáanlegra sjúkdómseinkenna, í góðum holdum (holdastigun 3,5-4,5) og vel hirtar að öllu leyti
- g. Hver dýralæknir má ekki hafa fleiri en 4 hryssur í blóðtöku samtímis (4 blóðtökubásar)
- h. Ekki skulu vera fleiri en 100 hryssur með folöldum í hverjum blóðtökuhópi
- i. Aðstaða til blóðtöku skal vera þannig að ekki skapist hætta á að hryssur og folöluld verði fyrir slysi
- j. Tryggt skal að hryssurnar hafi aðgang að vatni og salti strax eftir blóðtökuna
- k. Gætt sé að velferð hryssnanna við blóðtökuna með nærgætinni umgengni og uppbindingu
- l. Ef blóðtakan veldur hryssu þjáningu eða ógnar velferð hennar skal dýralæknirinn umsvifalaust hætta blóðtöku á viðkomandi hryssu. Ef ekki er hægt að meðhöndla eða bæta líðan hryssunnar skal hún aflífuð
- m. Hryssurnar skulu haldnar á góðu beitolandi með aðgangi að góðu vatni og salti

Virkt innra eftirlit sé með eftirfarandi atriðum og gögn þar að lútandi aðgengileg við eftirlit Matvælastofnunar.

- a. Skrár yfir hryssur í blóðtöku á hverjum blóðtökubæ séu tiltækar á blóðtökustað
- b. Allar hryssur séu grunnskráðar í WorldFeng og örmerktar
- c. Ábyrgðarmaður hrossahaldsins sé skráður umráðamaður hryssunnar í WF
- d. Skráning á öllum slysum og dauðsföllum sem verða hjá blóðtökuhryssum og folöldum
- e. Mælingar á blóðrauða eða blóðkornahlutfalli á marktæku hlutfalli hryssanna annað hvert ár
- f. Þeir sem að blóðtökunni koma skulu fá skriflegar leiðbeiningar um sérstaka tilkynningarskyldu allra þeirra sem hafa afskipti af dýrum sbr. 9. gr. laga um velferð dýra. Tilkynna ber Matvælastofnun ef: grunur er um slæma meðferð, aðbúnað, fóðrun (holdafar) og ef merkingar hrossa eru ekki með fullnægjandi hætti (skráningar og örmerkingar).

Skila skal Matvælastofnun árlega skýrslu um fjölda blóðtökuhryssna deilt á starfsstöðvar sem og afföll skv. d) lið og mælingum skv e) lið.

#### **Leyfi til nýtingar á aukafurð dýra sem ekki er ætluð til manneidis**

Blóðið sem dregið er úr hryssunum telst vera afurð dýrs sem ekki er ætluð til manneidis (animal byproduct, ABP). Slík afurðanýting er leyfis skyld samkvæmt 1. mgr. 13. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. sbr. rgl. nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneidis. Skyldur rekstraraðila snúa fyrst og fremst að því að tryggja smitvarnir og rekjanleika afurða.

**Það er mat Matvælastofnunar að blóðtaka úr fylfullum hryssum, eins og hún er framkvæmd hér á landi og að framan greinir, stangist ekki á við lög nr 55/2013 um velferð dýra og ofbjóði ekki kröftum dýrs eða þoli né misbjóði dýrum á annan hátt.**

Virðingarfyllt,  
f.h. Matvælastofnunar og yfirdýralæknis

Sigurjón Njarðarson, lögfræðingur dýraheilsu

